

Afstöðumynd 1:500

Orkurammi			Norðurhella 13		Dags.		28.11.2018 Nafn	Verkfræðistofan Víðsjá				
Reiknað varmatap húss		ΔT 35					Kröfur byggingareglugerðar	Reiknað varmatap húss		ΔT 35		
	Þykkt											
	ein. mm	m2	ΔT		W/m2°K	W	W/K		m2	ΔT	W/m2°K	W
Útveggir, einangrað að utan	125	715,0	35	25025	0,39	9760	278,85	Útveggir, einangrað að utan	715,0	35	25025	0,40	10010
Gluggar/Hurðar		206,0	35	7210	1,80	12978	370,80	Gluggar/Hurðar	206,0	35	7210	2,00	14420
Viðsnúið þak	220	720,0	35	25200	0,20	5040	144,00	Viðsnúið þak	720	35	25200	0,20	5040
Gólf 120mm+einangr 100mm	100	612,0	15	9180	0,27	2479	70,82	Gólf 120mm+einangr 100mm	612	15	9180	0,30	2754
						30256	864,47	Allur rauður texti í dökkgulum reit		Einangr mm	Orkurammi W	32224
								reit færist á aðalteikningu				
Kuldabrýr		m						Útveggir, einangrað að utan	0,35	125	Heildar varmatap á fermetra húss	
Kuldabrú frá svölum	200,0	33,5	35	1172,5	0,83	973	27,81	Gluggar/Hurðar	1,80		0,95 W/m2°C	
Lóðréttar kuldabrýr við útvegg	200,0	24,0	35	840	0,83	697	19,92					
Kuldabrú á þakplötu	180,0	104,0	35	3640	0,40	1456	41,60					
								Viðsnúið þak	0,20	220		
								Gólf 120mm+einangr 100mm	0,27	150		
						1670	122,01					
Heildarvarmatap		Í LAGI				31927 W		32224 W		Kröfur byggingarreglugerðar		
Vegið meðaltal útveggir/glugga/hurðir			Í LAGI			0,71 W/m2°K		0,85 W		Kröfur byggingarreglugerðar		
		Fermetrar húss				1042,00						
Heildarvarmatap á fermetra húss						0,95 W/m2°C				Krafa/Raun≥100	100,93 %	

Orkurammi

Greinargerð

BYGGINGARLÝSING
Norðurhella 13

Landeignanúmer: L204726
Staðgreinir: 1118605

Brúttó flatar- og rúmmál:
Mhl 01 1.195,2 m² 3.937,8 m³

Lóðarstærð: 2685,1 m²
Nýtingarhlutfall: 0.4451

Húsið var byggt 2020 og þá sem gistiheimili, sótt er um að breyta því í almennar íbúðir. Aðkoma er frá Norðurhellu um innkeyrslu sem er sameiginleg með Norðurhellu 15. Byggingin er tveggja hæða íbúðarhúsnæði. Það verður lyfta í henni. Aðkoma að íbúðum er um stigahús og lyftu. Inntaks- og tæknirými eru í skrið-kjallara, undir stiga.
Alls verða 22 íbúðir að jafnaði 43 m², stærsta er um 50 m² og hafa allar íbúðir möguleika á algildri hönnun. Íbúðir hefur aðgang að sameiginlegri hjóla/vagna geymslu á lóð. Djúpgámar verða fyrir fjórflokkun og stærðir þeirra skv. leiðbeiningum Hafnarfjarðarbæjar.

Útveggir:
Útveggir eru staðsteyptir og verða einangraðir að utan með 100 mm steinullareinangrun og þar utan við klætt báru og viðarklæðningu Skv. útlitsteikningu. Lagt á álburðarkerfi.

Þak:
Þakplata er járnbent staðsteypt plata. Frágangur þess verður s.k. viðsnúið þak. Það er, á steypta þakplötuna komi 2 lög pappa lögðum í asfalt, 220 mm vatnsheld einangrun, og loks farg úr ármöl og hellum. Halli amk. 1/40.

Innveggir og loft:
Steyptir innveggir og loft að innan verða sandspartlaðir og málaðir. Léttir innveggir verða hefðbundnir 120 mm gifsveggir á blikkgrindarkerfi fylltir með steinull, spartlaðir og málaðir. Veggir milli íbúða verða 200 mm gipsveggir á blikkgrind og 2 x 50 mm steinull á milli (EI60), spartlaðir og málaðir. Loft á báðum hæðum verða tekin niður þannig að endanleg lofthæð verður 290 cm. Lofthæð á göngum verður 250 cm.

Gólf:
Gólf eru járnbent staðsteypt og verða þau flotuð og loks viðeigandi gólfefni s.s flísar, parket og teppi.

Gangar.
Allir gangar utan og innan íbúða eru a.m.k. 1.3 metrar.

Lagnaleiðir
Loftræsi- og raflagnaleiðir eru ofan við niðurtekin loft.

Stigar og handrið:
Frágangur stiga og handriða (hæð og lokanir) verði í samræmi við kröfur byggingareglugerðar. Svalahandrið einkasvala eru byggð á stálburðargrind sem klædd er með álplötum,

Sérafnotafleti eru framan við hverja íbúð á 1. hæð og svalir á 2. hæð.

Reyklosun er í opnanlegu fagi efst í glugga stigahúss.

Sorp og hjólageymsla:
Frávik frá gildandi deiliskipualagi: Sorp og hjólageymsla eru ekki staðsett eins og segir til um í gildandi deiliskipulagi, og mun málsmeðferð verða í samræmi við óverulega breytingu á deiliskipulagi samanber skipulagslög

Sorp: Djúpgámar með fjórflokkun verða á lóð. Fjöldi gáma verður í samræmi við kröfur byggingareglugerðar og hreinsunardeildar Hafnarfjarðar. 22 íbúðir x 240L= 5280L, miðað við það þurfa að vera a.m.k 2x5000L djúpgámar með fjórflokkun.

Hjóla/vagna skýli: Verður á lóð fyrir íbúa Norðurhellu 13.

Bílastæði:
Bílastæði á lóð eru 22 stk, þar af 3 fyrir hreyfihamlaða.
Gert er ráð fyrir raftengingu rafbíla á lóð.

Lóð:
Lóð verður að mestu leiti malbikuð aðkomu megin, einnig verður grasflötur með leiksvæði. Í kringum byggingu verður gras og hellur sem afmarka göngusvæði. Sérafnotaflötur verður fyrir framan hverja íbúð á 1.hæð, afmarkaður með verönd og lágum skjólvegg úr lerki.
Lóðarmörk að aðliggjandi lóðum verða unnin í samvinnu við eigendur að Norðurhellu 15. Á lóðamörkum til norðurs þarf að setja að hluta til stoðvegg og handlista/handrið vegna mikils hæðarmunar milli lóðar og bæjarlands.

BRUNAVARNIR
Brunavarnir eru samkvæmt greinargerð ÖRUGG verkfræðistofu dags. 11.8.2022.

Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Í byggingunni verða íbúðir sem tilheyra notkunarflokki 3.
Brunaálag skal vera undir 800 MJ/m².

Brunaviðvörun
Í íbúðum verða stakir reykskynjarar a.m.k. einn skynjari fyrir hverja 80 m².
Einfaldað brunaviðvörunarkerfi skv. leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54 verður í allri byggingunni.
Kerfið verður án handboða og bjallna en skynjarar verða með hljóðgjafa í sökkli. Stjórnstöð brunakerfis verður í anddyri stigahúss.

Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu vera staðsett í hverri íbúð. Slökkvitæki innan íbúða skulu vera 6L léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 21A og 183B. Í tæknirými í kjallara skal vera 5 kg CO2 tæki.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Á íbúðargöngum og í stigahúsi verður neyðarlýsing skv. leiðbeiningum HMS nr. 9.4.12 og 9.5.11, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Ljósmagn skal vera a.m.k. 1 lúx á íbúðargöngum, 5 lúx verður í stigahúsi og tæknirými.

Rýming við eldsvoða
Hver íbúð hefur flóttaleið annarsvegar um stigahús um brunahólfandi íbúðargang og hinsvegar út á svalir.

Dyr í flóttaleið
Allar hurðir í flóttaleiðum skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra. Opnunarátt hurða er sýnd á aðaluppdráttum.

Frágengi fyrir alla
Örugg biðsvæði fyrir hreyfihamlaða verða innan stigahúss og á svölum, lágmark 1,5 x 0,8 metrar, staðsett þannig að auðvelt er að gera vart við sig án samskiptabúnaðar.

Klæðningar
Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1. Klæðningar innanhúss eru $K_2$10 B-s1, d0 (flokkur 1). Gólfefni
almennt í flokki Dfl-s1 en Cfl-s1 í stigahúsi og göngum.

Útveggir og þök
Utanhússklæðningar veggja eru almennt óbrennanlegar. Þakklæðningar skulu uppfylla flokk T (B_{roof} (t2)). Einangrun verður ýmist óbrennanleg (steinull) eða plasteinangrun frágengin skv. gr. 9.6.10 í byggingarreglugerð.
Timburklæðningar í flokki 2 eru á afmörkuðum flötum á svölum. Timburklæðningar eru staðsettar þannig að þær auki ekki hættu á útbreiðslu elds milli brunahólfa eða hæða. Láréttar timburklæðningar á 1. hæð eru slitnar í sundur með E30 vegg sem gengur þétt að útvegg skv. brunahönnun.

Brunahólfun
Brunahólfun er sýnd á aðaluppdráttum.
Brunahólfun milli íbúða verður REI90. Stigahús verða sérstök brunahólf með EI60 veggjum og E 30-CS_{200} hurðum að íbúðargöngum. Íbúðagangar verða sérstök brunahólf með REI60 veggjum og $EI_2$30-CS_{200} hurðum að íbúðum. Brunahólfun að tæknirými í kjallara verður með REI60 veggjum og $EI_2$30-CS_{200} hurð að stigahúsi.
Þar sem lárétt bil milli glugga er innan við 0,6m verður skjólveggur sem uppfyllir a.m.k. E30 brunamótstöðu.

Lyftur
Hegðun lyfta við eldsvoða skal vera í samræmi við ÍST EN 81-73.

Reyklosun
Reyklosun úr stigahúsi verður um opnanlegan glugga.

Loftræsing
Íbúðir verði almennt með náttúrulegri loftræsingu en vélræn loftræsing verður frá eldhúsum og gluggalausum salernum og þvottahúsum. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun í byggingunni almennt (veggir og hæðaskil brunahólfa). Brunavarnir loftræsingar skulu vera skv. þeim ákvæðum DS 428 sem samræmast meginreglum byggingarreglugerðar og byggingarreglugerð gr. 9.6.14.

Aðkoma og aðgerðir slökkviliðs
Aðkomuleiðir eru sýndar á afstöðumynd. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis er í anddyri á 1. hæð.

Burðarvirki við bruna
Meginburðarvirki verður steinsteypt R90, þ.e. berandi veggir og hæðarskil REI90. Þakplötur skulu uppfylla a.m.k. R60. Burðarvirki svala verða R90 og burðarvirki stiga skulu uppfylla A-R30.

Viðhald brunavarna
Viðhald og eftirlit með brunavörnum skal vera skv. reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Gera skal þjónustusamninga um viðhald og eftirlit með brunaviðvörunarkerfi og neyðarlýsingu.

Samþykkt þann
24. ÁGÚ. 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

C:
B:
A:
BREYTINGAR: DAGS:

LYKILMYND:

VERKKAUPI:

SHS
23.08.22

BYGGINGARHLUTI: NORÐURHELLA 13

AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING, ORKURAMMI

Guðjón Rafnsson
Rafræn undirritun
15.8.2022

VERK:	NORÐ 1930		
KVARÐI:	1:500	TEIKNAÐ:	SJ
DAGS:	29.04.2022	SKRÁ:	Norð 1930.dwg

ÚTI **INNI**

A R K I T E K T A R

ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMAR 5527660 & 5527661
NETFANG ui@ui.is
VEFFANG http://www.ui.is
BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKTAR FÍ
120357-5149
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKTAR FÍ
021256-7579

TEIKNINGANR: **A-100** BREYTING: